

**Nd.**

**230. Nefndarállt**

í málinu: Frumvarp til laga um sandgræðslu (stjórnarfrv.).

Nefnd sú, er háttv. Nd. skipaði til að athuga þetta mál, hefur átt með sjer allmarga fundi, og hefur komist að þeirri niðurstöðu, er nú skal greina.

Nefndin var samhuga um, að ákvæði frv., er lúta að sandgræðslunni sjálfri, sjeu hagkvæm og nauðsynleg, og einnig telur hún nauðsynlegt, að reglur sjeu settar um samband landsstjórnar, er kostar að miklu leyti sandgræðsluna, og einstaklinga þeirra, er land eiga á sandgræðslusvæðunum. Það er nú þegar búið að leggja allmikið sje í girðingar á sandgræðslusvæðum, og því er rjett og eðlilegt, að ákvæði sjeu sett um það, að landsstjórnin hafi full umráð yfir hinum girtu svæðum á meðan unnið er að sandgræðslunni á kostnað landssjóðs, og um viðhald girðinga o. s. frv. Og felst nefndin á fyrirmæli frv., er að þessu lúta.

Þá er þess að geta, að nefndin tók til rækilegrar íhugunar, hvort eigi væri vegur til, að koma umsjón sandgræðslumála fyrir á hentugri hátt en er í þessu frv. og lögum nr. 54 frá 22. nóv. 1907. Fjekk hún í því skyni meðal annars í hendur frá stjórnarráðinu skýrslur skógræktarstjórans um sandgræðslu, þar sem nokkurn veginn má sjá, hve margbrotin eru störf yfirumsjónarmanns; auk þess er einn nefndar-

manna mjög vel kunnugur þessum málum, og gat gefið nefndinni ýmsar upplýsingar, er að því lúta.

Eftir að nefndin hafði kynt sjer alt þetta rækilega, varð hún sammála um, að hentast myndi að fela stjórn Búnaðarfjelags Íslands yfirumsjón með sandgræðslunni. Virðist það mætavel geta samrýmt öðrum störfum þess. Það hefir ráðanauta í þjónustu sinni, og það myndi eigi þurfa að hafa nein veruleg útgjöld í för með sjer, þótt þeir á ferðum sínum litu eftir sandgræðslunni og segðu fyrir um alla tilhögun henni viðvíkjandi.

Maður verður þess var við að lesa skýrslur herra skógræktarstjórans, að árið 1910 er t. d. aðalverk hans, sem yfirumsjónarmanns sandgræðslunnar, að líta eftir því, hvort girðingarnar, sem búið var að setja upp, væru í standi. 1911 er aðalverkið að mæla sandfokssvæði fyrir vestan Eyrarbakka, gera ráðstöfun viðvíkjandi sandfoki í Vestmannaeyjum, er skemdi gluggana í vitanum þar, og eitthvað líklega sagt fyrir um sandgræðslu í Skeiðahreppi. 1912 mun aðalverkið hafa verið að segja fyrir um áveitu á Meðallandssand, og 1913 eftirlit með Meðallandsáveitu og skoðun á girðingum á sandgræðslusvæðunum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Nefndinni virðist nú, að ráðanautar Búnaðarfjelags Íslands gætu framkvæmt þetta alt saman, þ. e. haft eftirlit það, sem skógræktarstjórinn nú hefur, einkanlega þar sem vjer höfum mann, sem hefir starfað að sandgræðslunni, og myndi vel geta framkvæmt þau verk, sem lagt er fyrir hann að gera, svo sem standa fyrir girðingum, sá melfræi í hin girtu svæði, og hafa eftirlit með áveitum á sanda, þar sem sú aðferð er notuð til uppgræðslunnar.

Það er nú að vísu svo, að líta mætti á það, að skógræktarstjórinn muni hafa fremur lítið starf við umsjón skógræktarmála eingöngu, ef umsjón sandgræðslunnar yrði falin Búnaðarfjelagi Íslands, og vill nefndin ekki neita því, að svo er, enda vill hún láta þess afdráttarlaust getið, hvað fyrir henni vakir, og hún vill ákveðið beina því til stjórnarinnar, að hún taki til athugunar fyrir næsta þing, hvort eigi væri tiltækilegt að fela Búnaðarfjelaginu einnig umsjón skógræktarmála. Því þar sem landsjóður ekki sjer sjer fært, að veita meira en c. 10000 kr. til skógræktar, og 5000 kr. til sandgræðslu á ári, þá virðist það ekki búmannlegt, að hafa töluvert háttlaunaðan mann til umsjónar því, að ekki stærri upphæð sje komið í lóg árlega. — Skógarverðirnir ættu að geta ferðast eitthvað um, eins og þeir hafa gert, og lítið eftir skógræktinni hver í sínu umdæmi, en yfirumsjónin yrði hjá Búnaðarfjelaginu, er myndi að sjálfsögðu fá sjer hæfan mann til að framkvæma störf þau, er að þessu lúta.

Að vísu er nefndinni það ljóst, að sá maður, er haft hefir umsjón skógræktarmála hjer, hefir áhuga á því starfi, og vill, að það verði að sem bestum notum. En hvað sem því líður, hefir skógræktarmálið enn ekki getað orðið það lifandi áhugamál almennings, sem það þarf og ætti að verða í framtíðinni og menn gjörðu sjer vonir um að lög nr. 54 22. nóv. 1907 kynnu að orka.

Samkvæmt því, sem að framan er talið, hefir nefndin leyft sjer að koma með breytingartillögur á þingskjali 231 við frumvarp það um sandgræðslu, er fyrir liggur, og væntir þess, að háttv. deild aðhyllist þær.

Alþingi 25. júlí 1914.

Hjörtur Snorrason,  
formaður.

Þorleifur Jónsson,  
skrifari.

Sigurður Sigurðsson.

Jón Jónsson.

Sveinn Björnsson.